



ORKUSTOFNUN

Yfirborðsrannsóknir við Nesjavelli sumarið
1986, I

Gylfi Páll Hersir

Greinargerð GPH-86-01

Yfirborðsrannsóknir við Nesjavelli sumarið 1986, I.

Jarðfræðikortlagning er nýhafin. Jafnframt er unnið að kortlagningu á brotum á svæði sem nær vel út fyrir þann hluta sem borað er í.

Áætlað er að landhæðarmælingar hefjist um miðjan júní og verður reynt að ljúka þeim í mánuðinum.

Viðnámsmælingaflokkur mætir á Nesjavöllum að kvöldi 7. júní og mælingar hefjast að morgni 8. júní. Byrjað verður á að framlengja línu I til austurs, fyrst með viðnámssniðsmælingum og síðan með tveimur Schlimbergermælingum. Fyrir helgi verður línan hæluð út og gengið frá "óendanlegum" straumpól til notkunar í viðnámssniðsmælingum. Áætlað er að lokið verði við viðnámsmælingar um 20. júlí.

Viðnámsmælingar með TDEM-aðferð verða gerðar í samvinnu við jarðfræðistofnunina í Denver í Bandaríkjum í samræmi við fyrri ákvarðanir. Þær verða annaðhvort gerðar seinni hluta júlímóðar eða fyrri hluta ágústmáðar og standa yfir í hálfan mánuð. Með þeim er ætlunin að skyggast dýpra en viðnámsmælingar síðasta sumars gerðu kleyft. Þá er gert ráð fyrir tilraunamælingum með tvípól og AMT seinni hluta sumars, einnig í því skyni að sjá dýpra.

Þyngdarkort af Nesjavöllum kom að miklu gagni við túlkun gagna frá síðastliðnu sumri. Línan sem á að viðnámsmæla í norðurhlíðum Hengils er í jaðri þyngdarkortsins. Hér er því lagt til að hún verði þyngdarmeld sérstaklega. Mælingarnar taka einn mann einn dag.